


**Listahátíð
í Reykjavík
1976**



Gérard Schneider

að Kjarvalsstöðum 5.-16. júní



GÉRARD SCHNEIDER OG PARÍSARLIST

Fram að heimstyrjöldinni síðari var París tvímælalaust höfuðborg listanna. Þar fæddust fauvismi, kúbismi og súrrealismi og þangað komu listamenn hvaðanæva úr heiminum til þess að læra til myndlista og dvelja í námunda við kviku listrænna hugmynda. En þegar heimstyrjöldin síðari skall á og Þjóðverjar hertóku Parísarborg, flýðu margir helstu listamenn hennar vestur á bóginn, til Bandaríkjanna og sumir þeirra sneru ekki aftur.

Flestir þessara útlaga voru súrrealistar, menn eins og Ernst Tanguy og Masson og í New York blésu þeir lífsanda í unga bandaríska listamenn sem ótrúlega fljótt sköpuðu sér nýja bandaríska list á þeim grunni. Tilfinningaleg vinnubrögð, ásamt goðsögulegu og sálfræðilegu táknmáli súrrealismans hentuðu einkar vel sköpunargáfu manna eins og Pollocks, Rothko og de Kooning og örvaði þá til þess að vinna hamslaust og djærft í hita augnabliksins. Þannig varð ameríski afstrakt expressjónisminn til og New York varð hin nýja höfuðborg lista.

Lengi vel virtist allur þróttur horfinn úr franskri list eftirstriðsárunna. Yfirborðskennur existensjálismi Bernards Buffets var um skeið „dernier mode“ í myndlist eða þá að listmálarar endurtóku í sífelli gömul afstraktform eins og heimstyrjöldin hefði aldrei átt sér stað. Þótt franskir gagnrýnendur vildu lengi vel ekki viðurkenna að neitt

gott gæti komið frá Bandaríkjunum í list, þá töldu margir ungir listamenn í Frakklandi að hinn þróttmikli afstrakt expressjónismi bandaríkjamannanna, — sem þeir nefndu „art informel“, væri einmitt leiðin til þess að hleypa nýju lífi í franska list.

Ungir frakkar eins og Pierre Soulages og Georges Mathieu lærðu af bandaríkjamönnum að vinna stórt og nýta tilviljanir, sletta og skafa eftir þörfum. Þegar „tachisme“ þessara ungu málara var loks viðurkenndur, fóru menn að gefa gaum eldri málurum sem í raun höfðu þróað með sér frjálslega, ljóðræna afstraktlist löngu fyrir stríð eða á stríðsárunum, — án nokkurrar vitneskju um framvindu amerískrar listar.

Einna þekktastur þessara „nýuppögötuðu“ listmálara var án efa Hans Hartung sem lengi hafði tvinnað saman slæður fingerðra litatóna og snögga, hvatlega pensildrætti af miklu öryggi. Af öðrum „tassistum“ sem nú voru skyndilega í sviðsljósinu má nefna Þjóðverjann Wols sem lengi hafði búið í Frakklandi, — svo og hinn hlédræga svisslending, Gérard Schneider sem hér sýnir 40 gvasmyndir sínar.

Schneider er nú kominn til ára sinna en er í fullu fjöri sem listamaður. Hann er fæddur 1896 í Svisslandi og nam myndlist hjá málaranum Cormon við Ecole des Beaux Arts í París á árunum 1916—20. Að því námi loknu sneri Schneider aftur til heimalands síns þar sem hann vann í fjögur ár að hálf-hlutlægum myndverkum, en fann ekki þann hljómgrunn í Svisslandi sem hann þarfnæðist. Fluttist hann þá aftur til Parísar þar sem hann tók þátt í félagslífi og liststarfsemi þess hóps málara í Montmartre hverfinu sem nefndur hefur verið „École de Paris“. Þar á meðal voru listamenn eins og Pascin, Kisling, van Dongen og Soutine. Þetta umhverfi og andrúmsloft var Schneider greinilega að skapi því hann gerðist fljótlega franskur ríkisborgari.

Á árunum eftir 1930 fór Schneider æ oftast að hverfa frá hlutveruleikanum í málverki sínu og hóf hann að vinna með afstrakt form í anda brautryðjendanna Kandinsky og Delauney. Á stríðsárunum nær hann óhultur að þroska myndstíl sinn og um 1944 er Schneider kominn á þá skoðun að aðeins frjáls, tilfinningalegur vinnumáti henti persónuleika sínum. Upp frá því gefur hann ljóðrænu og ástríðufullu eðli sínu lausan tauminn í myndlist. En þessar ákvarðanir tók Schneider í einrúmi og bar ekki myndlist sína á torg. Hlédrægni Schneiders er slík að hann hélt ekki einkasýningu frá 1920 til 1947, — en á því ári lét hann til leiðast fyrir fortölur vina og kunningja.

Sýning Schneiders í Galerie Conti árið 1947 vakti mikla athygli á honum sem listamanni og „tachiste“ og hefur hann verið eftirsóttur af galleríum síðan og sýnt með reglulegu millibili.

Í verkum sínum notar Schneider gjarnan breiðan pentskúf og málur hratt og ákveðið á sterklitnan bakgrunn. Í verkum hans eftir 1950 bar mikið á kolsvörtum litflekjum sem undirstrikuðu hinar skæru litræmur málarans, en undanfarnin ár hefur Schneider látið litinn sjálfan og hreyfingu hans á myndfletinum tala í æ ríkara mæli. Til þess að höndla augnablikstilfinninguna, vinnur hann myndir sínar oftast í einni lotu. Schneider byrjar með óljósa myndræna hugmynd í kollinum og hönd hans myndar snöggt, hvelft form eða breiðan litslóða á grunninn. Framhald mynda hans ræðst síðan af krafti þessara frumforma á fletinum og standi þau fyrir sínu teflir Schneider öðrum áherslum og litum á móti þeim uns einhver listrænn sannleikur situr eftir á myndgrunninum.

Myndir Schneiders eru því nokkurskonar dagbækur hins skapandi einstaklings, frásagnir af baráttu hans fyrir togstreitu í samræmi — og ófugt. Það er því mikill fengur að fá að skoða handbragð Gérard Schneiders á Listahátíð.

Aðalsteinn Ingólfsson.

LISTI YFIR GOUACHE MYNDIR


1. Grár grunnur, 1960
2. Hvítur grunnur, svört sveifla, 1960
3. Hvítur grunnur, svört og rauð sveifla, 1967
4. Ryðrauður grunnur, 1968
5. Hvítur grunnur, fjólublá og skærblá sveifla, 1968
6. Ljósrauðbrúnn grunnur, 1969
7. Sterkblár grunnur, rauð sveifla, 1970
8. Grár grunnur, svört sveifla, 1971
9. Blóðrauður grunnur, blá og svört sveifla, 1972
10. Fjólublár grunnur, blá, gul og hvít sveifla, 1972
11. Blár grunnur, gul og svört sveifla á rauðu, 1972
12. Himinblár grunnur, rauð, svört og græn sveifla, 1972
13. Rósráuður grunnur, 1972
14. Sterkblár grunnur, 1972
15. Rauður grunnur, 1972
16. Fjólublár grunnur, gul og rauð sveifla, 1973
17. Himinblár grunnur, 1973
18. Rauðbrúnn grunnur, 1973
19. Fjólublár grunnur, 1973
20. Blár grunnur, rauð, og svört sveifla, 1974
21. Himinblár grunnur, rauð og svört sveifla, 1974
22. Ljós fjólublár grunnur, blá og gul sveifla, 1974
23. Ljós fjólublár grunnur, græn og rauð sveifla, 1974
24. Blár grunnur, gul sveifla, 1974
25. Grænn grunnur, gul og fjólublá sveifla, 1974
26. Skærgulur grunnur, 1974
27. Fölgrænn grunnur, 1974
28. Blár grunnur, 1974
29. Fjólublár grunnur, 1974
30. Grænn grunnur, 1974
31. Rauðbrúnn grunnur, 1974
32. Gulur grunnur, 1974
33. Rauður grunnur, 1974
34. Fjólublár grunnur, 1974
35. Sterkblár grunnur, stór gul sveifla, 1974
36. Sítrónugulur grunnur, 1974
37. Ljós fjólublár grunnur, 1974
38. Gulur grunnur, rauð og svört sveifla, 1974
39. Grænn grunnur, rauð og blá sveifla, 1974
40. Fjólublár grunnur, rauð sveifla á svörtu, 1974

Listahátíð í Reykjavík 1976
er þakklát franska menntamálaráðuneytinu
og franska sendiráðinu í Reykjavík
fyrir ágæta fyrirgreiðslu.

Uppsetning sýningar: Aðalsteinn Ingólfsson, Hörður Ágústsson.

AÐILAR AÐ LISTAHÁTÍÐ:

Menntamálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
Arkitektafélag Íslands
Bandalag íslenskra listamanna
Félag íslenskra leikara
Félag íslenskra listdansara
Félag íslenskra myndlistarmanna
Félag íslenskra tónlistarmanna
Leikfélag Reykjavíkur
Listasafn Íslands
Myndhöggvarafélagið í Reykjavík
Norræna húsið
Ríkisútvarpið
Rithöfundasamband Íslands
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Súm
Tónskáldafélag Íslands
Þjóðleikhúsið
Ragnar Jónsson forstjóri



AUKAÁÐILD AÐ LISTAHÁTÍÐ 1976:

Íslensk grafík
Listið

Formaður fulltrúaráðs:

Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra.

Varaformaður:

Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri.

Framkvæmdastjórn:

Formaður: Knútur Hallsson skrifstofustjóri,
varaformaður: Baldvin Tryggvason sparisjóðsstjóri,

Guðrún Jónsdóttir arkitekt, Maj-Britt
Imnander forstjóri Norræna hússins,
Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri,
Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld.

Framkvæmdastjóri Listahátíðar: Hrafn Gunnlaugsson.

Listrænn ráðgjafi: Vladimir Ashkenazy.